

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 177/2023

frá 5. júlí 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2236 frá 20. júní 2022 um breytingu á I., II., IV. og V. viðauka reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar tæknilegar kröfur fyrir ökutæki sem eru framleidd í ótakmörkuðum framleiðsluröðum, ökutæki sem eru framleidd í litlum framleiðsluröðum, ökutæki sem eru sjálfkeyrandi að fullu og ökutæki til sérstakra nota og að því er varðar uppfærslu á hugbúnaði ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 103.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 51. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32022 R 2236:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2236 frá 20. júní 2022 (Stjtið. ESB L 296, 16.11.2022, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 103.“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2022/2236, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 103, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 296, 16.11.2022, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2022 frá 18. mars 2022 ⁽²⁾,
eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og
EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

⁽²⁾ Stjúd. ESB L 182, 12.12.2022, bls. 19 og EES-viðbætur nr. 45, 7.7.2022, bls. 8.